

**LEIÐBEININGAR VIÐ REGLUR UM**  
**HÓPUNDANÞÁGUR FRÁ BANNÁKVÆÐUM 10. OG 12. GR**  
**SAMKEPPNISLAGA**

**INNGANGUR:**

Samkvæmt 10. gr. samkeppnislaga eru allir samningar fyrirtækja og allt samstarf fyrirtækja sem hefur að markmiði eða hefur þau áhrif að samkeppni takmarkast eða komið er í veg fyrir samkeppni bannað. Á sama hátt segir í 12 gr. laganna að samtökum fyrirtækja sé óheimilt að ákveða samkeppnishömlur eða hvetja til hindrana sem bannaðar eru samkvæmt lögnum. Í 16. gr. samkeppnislaga er kveðið á um að unnt sé að veita undanþágu frá bannákvæðum 10. og 12. gr. laganna. Í 4. mgr. 16. gr. segir að samkeppnisráð setji reglur þar sem tilteknum flokkum (tegundum) samninga er veitt undanþága frá ákvæðum 10. og 12. gr. laganna. Undanþágur þessar ganga undir heitinu hópundanþágur.

Samkeppnisráð hefur gefið út reglur um hópundanþágur fyrir fjóra flokka samninga; flokka samninga um rannsóknir og þróun, flokka samninga um sérhæfingu, flokka samninga um tæknilega yfirfærslu og flokka lóðréttra samninga og samstilltra aðgerða. Reglurnar vísa í efnisákvæði íslenska texta reglugerða framkvæmdastjórnar EB um sömu fjóra flokka samninga, þ.e. reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2659/2000 frá 20. nóvember 2000 um beitingu 3. mgr. 81. gr. sáttmálans gagnvart flokkum samninga um rannsóknir og þróun, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2658/2000 frá 29. nóvember 2000 um beitingu 3. mgr. 81. gr. sáttmálans gagnvart flokkum samninga um sérhæfingu, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 240/96 frá 31. janúar 1996 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga um tæknilega yfirfærslu og reglugerð framkvæmdastjórnar (EB) nr. 2790/1999 frá 22. desember 1999 um beitingu 3. mgr. 81. gr. sáttmálans gagnvart flokkum lóðréttra samninga og samstilltra aðgerða. Verður því að lesa texta reglugerða framkvæmdastjórnarinnar jafnhliða reglum samkeppnisráðs þegar reglunum er beitt.

Birtar hafa verið leiðbeiningar við hverjar einstakar reglur um hópundanþágu sem samkeppnisráð hefur gefið út og fara þær hér á eftir.

**HÓPUNDANÞÁGA FYRIR FLOKKA SAMNINGA UM TÆKNILEGA**  
**YFIRFÆRSLU (NR. 260/2002)**

Með reglum um hópundanþágur fyrir samninga um s.k. tæknilega yfirfærslu er samningum sem falla undir 10. gr. samkeppnislaga og innihalda samkeppnishömlur í tengslum við hugverkaréttindi á sviði iðnaðar veitt undanþága.

**TILGANGUR:**

Tilgangurinn með reglunum er að hvetja til útbreiðslu tækniþekkingar og stuðla að framleiðslu á tæknilega fullkomnari vöru. Einkaleyfis- eða verkkunnáttusamningur er samningur þar sem leyfisveitandi, þ.e. fyrirtæki sem hefur einkaleyfi eða verkkunnáttu, heimilar leyfishafa, þ.e. öðru fyrirtæki, að nýta einkaleyfið eða verkkunnáttuna til framleiðslu, notkunar eða markaðssetningar.

**EFNI:**

Með reglunum er hreinum einkaleyfissamningum, hreinum nytjaleyfissamningum vegna tækniþekkingar og blönduðum einkaleyfis og nytjaleyfissamningum vegna tækniþekkingar veitt undanþága. Nánar er útskýrt í reglunum sjálfum hvað átt er við með þessum hugtökum. Önnur hugverkaréttindi, s.s. vörumerki og höfundaréttur, njóta undanþágu að því marki sem slík viðbótar nytjaleyfisveiting stuðlar að nýtingu á hinni yfirfærðu tækni og felur aðeins í sér viðbótarákvæði.

Skilyrði fyrir undanþágunni eru að samningsaðilar séu aðeins tveir og að samningur innihaldi einhverja þeirra samningsskuldbindinga sem taldar eru upp í reglunum og almennt er litið á að takmarki ekki samkeppni. Falli einhverjar af skulbindingunum undir bannregluna vegna sérstakra aðstæðna eru þær einnig undanþegnar. Í reglunum kemur einnig fram upptalning á þeim ákvæðum sem óheimilt er að hafa í samningum eigi þeir að njóta undanþágu.

Nokkur samningsákvæði geta lent á gráu svæði, þ.e. þau eru leyfileg ef eitthvað annað kemur til. Reglurnar gilda t.d. ekki um samninga aðila sem eru meðlimir í samstarfshópi um einkaleyfi eða nytjaleyfi (patent or know-how pool), ef samningarnir varða samstarfið á einhvern hátt og fela í sér svæðistakmarkanir hvað varðar framleiðslu, notkun eða markaðssetningu leyfisvörunnar eða notkun tækninnar sem leyfin ná til.

Ef um er að ræða samninga keppinauta um stofnun fyrirtækis um sameiginlegt verkefni (e. joint venture) eða samning annars samningsaðilans við slíkt fyrirtæki og samningarnir varða starfsemi fyrirtækisins þá njóta þeir ekki undanþágu á grundvelli reglnanna ef samanlögð markaðshlutdeild samningsfyrirtækjanna er meiri en 20%, ef um er að ræða sameiginlega framleiðslu, eða 10% ef samningurinn um sameiginlegt verkefni nær jafnframt til sameiginlegrar dreifingar vörunnar.